

# Strætó bs.

Endurskoðunarskýrsla vegna ársreiknings 2022

17. mars 2023





# Grant Thornton

An instinct for growth™

17. mars 2023

Stjórn Strætó bs.  
Þönglabakka 4  
109 Reykjavík

Skýrsla þessi er gerð í tengslum við vinnu okkar við endurskoðun á ársreikningi Strætó bs árið 2022.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahagi þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga. Við vekjum þó athygli á umfjöllun stjórnenda og stjórnar um rekstrahæfi félagsins með sérstakri ábendingarmálgrein.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum ársreiknings. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirliti fyrirtækisins.

**Grant Thornton endurskoðun ehf.**  
**Suðurlandsbraut 20**  
**108 Reykjavík**

Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Sturla Jónsson, löggiltur endurskoðandi og eigandi hjá Grant Thornton endurskoðun ehf. undirritar ársreikning félagsins fyrir okkar hönd.

Virðingarfyllst,  
f.h. Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Sturla Jónsson  
Löggiltur endurskoðandi

# Um endurskoðunina



## Ráðningarbréf

Við höfum útbúið ráðningarbréf vegna endurskoðunar reikningsársins 2022 og fengið undirritað af stjórnarformanni félagsins. Þá gildir einnig verksamningur gerður við Reykjavíkurborg og tilgreind B hluta félög dags. 11. júlí 2018.



## Óhæðismál

Grant Thornton endurskoðun ehf. er óháður endurskoðandi félagsins. Hluti af upphafsáðgerðum okkar er að meta hvort aðstæður séu fyrir hendi sem ógna óhæði okkar. Allir meðlimir endurskoðunarteymisins hafa skrifað undir óhæðisyfirlýsingu gagnvart félaginu.



## Framkvæmd endurskoðunar

Endurskoðun okkar er framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla ásamt ákvæðum laga nr. 79/2008 um endurskoðendur. Markmið endurskoðunar er að veita óháð álit á ársreikningi félagsins. Þá ber okkur jafnframt að staðfesta að skýrsla stjórnar uppfylli kröfur laga.



## Fundir með stjórn og endurskoðunarnefnd

Við höfum fundað með endurskoðunarnefnd nokkrum sinnum yfir árið og áttum fund þann 13. mars 2023 vegna málefna félagsins sérstaklega en einnig hafa málefni félagsins komið til tals á öðrum fundum.



## Mikilvægismörk

Við höfum skilgreint mikilvægismörk vegna reikningsskilanna í heild sinni (e. materiality) sem 1% af rekstrartekjum og nema þau þannig 133,0 m.kr. Sérstök mikilvægismörk (e. performance materiality) er 75% af þeirri fjárhæð eða 99,8 m.kr.



## Aðrar upplýsingar

Samkvæmt lögum um ársreikninga eru ríkar kröfur um upplýsingagjöf sem fylgja þarf ársreikningi, s.s. stjórnháttaryfirlýsing, ýmis ófjárhagsleg upplýsingagjöf auk ýmissa atriða sem greina þarf frá í skýrslu stjórnar. Þá hefur félagið einnig gefið út ársskýrslu. Um ábyrgð okkar gagnvart þessum upplýsingum er fjallað í kaflanum „Aðrar upplýsingar“ í áritun okkar með ársreikningnum.

# Helstu niðurstöður endurskoðunar



## Niðurstöður endurskoðunar

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahagi þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Við vekjum þó athygli á umfjöllun stjórnenda og stjórnar um rekstrahæfi félagsins með sérstakri ábendingarmálgrein án þess að gera fyrirvara við áritun okkar.



## Óleiðréttar skekkjur

Engar óleiðréttar skekkjur fundust við endurskoðunina sem reyndust yfir skráningarmörkum.



## Veikleikar í innra eftirliti

Við endurskoðun okkar höfum við aflað okkur þekkingar á rekstrarumhverfi og innra eftirliti félagsins. Ef við verðum vör við verulega ágalla í innra eftirliti ber okkur að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd um slíka ágalla skriflega og er þá gerð grein fyrir þeim í þessari skýrslu. Þá höfum við jafnframt komið á framfæri ábendingum til stjórnenda um þau atriði sem við teljum að betur mætti fara án þess að viðkomandi atriði teljist verulegir ágallar í innra eftirliti.



## Helstu áhersluatriði og áhættuþættir

Endurskoðun er áhættumiðuð. Í því felst að okkur ber að skilgreina og tilgreina í hvaða liðum reikningsskilanna og í hvaða staðhæfingum áhættu á rangfærslum sé helst að finna. Þar sem veruleg áhætta á rangfærslum í reikningsskilunum liggur fyrir ber okkur að bregðast sérstaklega við með viðeigandi endurskoðunaraðgerðum.

Helstu áhættuþættir sem skilgreindir voru við endurskoðunina eru:


- Innlausn rekstrartekna
- Varanlegir rekstrarfjármunir
- Laun og launatengd gjöld
- Áhættan á sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti
- Forsendan um áframhaldandi rekstrarhæfi

# Rekstrarreikningur

## Helstu niðurstöður rekstrarreiknings

- Tap er af rekstri Strætó bs. á árinu sem nemur 833,8 m.kr. samanborið við 439,1 m.kr. tap árið á undan.
- Rekstrarframlög eignaraðila nema 5.098,1 m.kr., aukast um 14% á milli ára. Rekstrarframlög eru innheimt á grundvelli fjárhagsáætlunar en auk þess var félaginu lagt til 520,4 m.kr. viðbótar framlag á árinu. Meðal framlaga eignaraðila eru einnig talin niðurgreiðslur sveitarfélaga vegna aldraðra og öryrkja (breytt framsetning frá fyrra ári) Ríkisframlag ársins 2022 nemur 906 m.kr.
- Aðrar tekjur, fargjöld, tekjur af aksturþjónustu fatlaðra, o.fl. nema 3.562,2 m.kr. og aukast um 15% milli ára, sjá nánari umfjöllun á bls. 8.
- Launakostnaður nemur 3.063,8 m.kr og eykst um 8% milli ára, sjá nánari umfjöllun á bls. 9.
- Rekstur vagna og aðkeyptur akstur nemur 4.522,7 m.kr. og eykst um 12% milli ára. Strætó vísitalan svonefnda jókst um 10% á árinu en allur aðkeyptur akstur er uppreiknaður miðað þá vísitölu. Þá hefur eldsneytiskostnaður hækkað verulega auk annars viðhaldskostnaðar.
- Kostnaður vegna aksturþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra nemur 1.437,4 m.kr., er til jafns við tekjur af málaflöknum.
- Annar rekstrarkostnaður nemur 908,4 m.kr. og eykst um 379 m.kr. milli ára. Munar þar helst um 247 m.kr. viðbótar gjaldfærslu vegna áfallinna skaðabótakrafna en einnig hefur fallið á félagið töluverður aukakostnaður tengdum netarásum sem félagið varð fyrir í árslok 2022 er tengist aðkeyptri vinnu upplýsingatæknisérfræðinga.

	2022	2021	%
Fargjöld og aðrar tekjur	3.562,2	3.090,4	15%
Rekstrarframlög eignaraðila	5.098,1	4.486,7	14%
Ríkisframlag	906,0	1.026,0	-12%
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>9.566,3</b>	<b>8.603,1</b>	<b>11%</b>
Laun og launatengd gjöld	-3.063,8	-2.824,7	8%
Rekstur vagna og aðkeyptur akstur	-4.522,7	-4.043,0	12%
Pant aksturþjónusta	-1.437,4	-1.317,9	9%
Annar rekstrarkostnaður	-908,4	-529,8	71%
Afskriftir	-318,7	-251,2	27%
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>-684,6</b>	<b>-363,5</b>	<b>88%</b>
Hreinar fjármunatekjur	-149,2	-75,6	97%
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>-833,8</b>	<b>-439,1</b>	<b>90%</b>



# Efnahagsreikningur

## Helstu niðurstöður efnahagsreiknings

- Varanlegir rekstrarfjármunir nema 1.560,6 m.kr., nýfjárfestingar nema 96,3 m.kr. á árinu.
- Meðal fastafjármuna er framlag til Brúar lífeyrissjóðs frá árinu 2017 sem dreift er á 20-30 ár í samræmi við leiðbeiningar frá reikningsskilanefnd sveitarfélaganna, eftirstöðvar nema 614,2 m.kr. Þegar sá hluti sem kemur til gjaldfærslu á árinu 2023 hefur verið dreginn frá.
- Birgðir nema 120,6 m.kr., aukast um 16% milli ára. Birgðir samanstanda af varahlutalager á verkstæði og olíubirgðum.
- Viðskiptakröfur nema 62,8 m.kr., kröfur á eigendur 165,9 m.kr. og aðrar skammtímakröfur nema 90,2 m.kr.
- Handbært fé nemur 539,2 m.kr. en það nam 465,8 m.kr. í upphafi árs.
- Langtímaskuldir eru helst við Lánasjóð sveitarfélaganna en nýtt óverðtryggt lán til 5 ára var tekið á árinu hjá viðskiptabanka félagsins og líkt og gert var í fyrra. Eftirstöðvar langtímalána nema 1.643,9 m.kr.
- Viðskiptaskuldir nema 659,7 m.kr., aukast um 6% frá fyrra ári og aðrar skammtímaskuldir nema 840,1 m.kr. í árslok. Þær samanstanda helst af ógreiddum launum og launatengdum gjöldum auk ógreiddra skaðabóta sem dæmdar hafa verið á félagið.

	31.12.2022	31.12.2021	%
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.560,6	1.783,0	-12%
Fyrirframgreitt framlag - Brú	614,2	642,1	-4%
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>2.174,8</b>	<b>2.425,0</b>	<b>-10%</b>
Birgðir	120,6	104,2	16%
Viðskiptakröfur	62,8	34,5	82%
Kröfur á tengda aðila	165,9	136,6	21%
Aðrar skammtímakröfur	90,2	94,6	-5%
Handbært fé	539,2	465,8	16%
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>978,7</b>	<b>835,6</b>	<b>17%</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>3.153,4</b>	<b>3.260,6</b>	<b>-3%</b>
	31.12.2022	31.12.2021	%
<b>Eigið fé</b>	<b>9,8</b>	<b>843,6</b>	<b>-99%</b>
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>1.643,9</b>	<b>1.255,5</b>	<b>31%</b>
Viðskiptaskuldir	659,7	622,3	6%
Ýmsar skammtímaskuldir	840,1	539,2	56%
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>1.499,8</b>	<b>1.161,5</b>	<b>29%</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>3.153,4</b>	<b>3.260,6</b>	<b>-3%</b>



# Helstu áherslur við endurskoðun

## Rekstrartekjur

Rekstrartekjur Strætó nema samtals 9,5 ma. kr. og greinast svo:

í m.kr.	2022	2021	%
Fargjöld .....	1.732,8	1.420,7	22%
Rekstrarframlög eignaraðila .....	5.098,1	4.486,7	14%
Ríkisframlag .....	906,0	1.026,0	-12%
Pant akstursþjónusta .....	1.437,4	1.317,9	9%
Aðrar tekjur .....	392,0	351,8	11%
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>9.566,3</b>	<b>8.603,1</b>	<b>11%</b>

Fargjöld nema 2.146,8 m.kr. og aukast um 16% milli ára. Farþegafjöldi hefur aukist um 17% og einnig komu til gjaldskrárhækkanir seint á árinu.

Eigendur Strætó bs. bæta upp rekstrarhalla með sérstökum framlögum sem innheimt eru á grundvelli fjárhagsáætlunar. Því til viðbótar leggja eigendur fram framlag til niðurgreiðslu nemendafargjalda og fargjalda öryrkja og aldraðra. Á árinu 2022 lögðu eigendur félaginu til sérstakt viðbótarframlag sem nam 520,4 m.kr. vegna slæmrar fjárhagsstöðu félagsins.

Framlag ríkis er byggt á samningi frá 2012 um aukinn hlut almenningsgangna í ferðum á höfuðborgarsvæðinu, auknu umferðaröryggi og umhverfisvernd. Samningurinn var endurnýjaður á árinu 2021 og gildir til ársins 2034. Athygli er vakin á því að samningurinn felur ekki í sér verðtryggingarákvæði.

Undir öðrum tekjum eru þóknarir Strætó af akstursþjónustu fatlaðra og akstri á landsbyggðinni.

Við höfum framkvæmt greiningaraðgerðir á tekjum þar sem tekjur eru áætlaðar út frá magn- og verðaukningu milli ára. Þá höfum við sannreynt tekjuskráningu með úrtaksprófunum auk þess að hafa framkvæmt prófanir á innra eftirliti er varðar tekjuskráningu. Samningsbundnar tekjur höfum við staðfest með skoðun á frumgögnum og með ytri staðfestingum.

Við staðfestum viðskiptakröfur í árslok með skoðun á innborgunum eftir áramót og ytri staðfestingum. Þá fórum við yfir forsendur félagsins um niðurfærslu viðskiptakrafna og mátum réttmæti hennar.

Yfirferð okkar á rekstrartekjum og viðskiptakröfum er án athugasemda en við höfum þó komið á framfæri nokkrum ábendingum til stjórnenda um það sem betur mætti fara í innra eftirliti tengdu tekjuskráningu og mati á viðskiptakröfum.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir nema 1.545,7 m.kr. af bókfærðu verði í árslok 2022. Eignfærslur nema 96,3 m.kr á árinu og eru helstar tilkomnar vegna áframhaldandi þróun nýs greiðslukerfis. Auk þess eru fjárfestingar í innréttingum, áhöldum og tækjum á árinu.

Samtals nemur eign félagsins í ökutækjum og strætisvögnum 1.207,1 m.kr. Strætisvagnar eru afskrifaðir á 13 árum en önnur ökutæki á 10 árum.

Við höfum lagt mat á fyrningar ársins og mat á líftíma eigna, sem og endurreiknað fyrningartöflu en hún er utan fjárhagsbókhaldskerfis.

Yfirferð okkar yfir varanlega rekstrarfjármuni er athugasemdalaus.

# Helstu áherslur við endurskoðun

## Launakostnaður

Launakostnaður félagsins nemur 2.806,2 m.kr. á árinu og meðalfjöldi stöðugilda nemur 289 á árinu. Launakostnaður greinist svo:

í m.kr.	2022	2021	%
Laun .....	2.479,6	2.264,4	10%
Mótframlag í lífeyrirsjóð .....	313,5	295,8	6%
Önnur launatengd gjöld .....	230,1	206,6	11%
Gjaldfært framlag vegna Brú .....	27,9	27,9	0%
Breyting á orlofi .....	13,1	29,9	-56%
<b>Laun og launatengd gjöld samtals</b>	<b>3.064,1</b>	<b>2.824,7</b>	<b>8%</b>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	289	258	12%

Við höfum yfirfarið upplýsingar í launakerfi og afstemmt við fjárhagsbókhald. Þá höfum við framkvæmt greiningaraðgerðir á launakostnaði og launatengdum gjöldum. Við framkvæmdum sérstaka launaskoðun á völdum starfsmönnum, þar sem laun voru borin saman við ráðningarsamning ásamt því að framkvæma prófanir á eftirlitsaðgerðum í launaferli, þá sérstaklega samþykki launa af hálfu deildarstjóra.

## Áhættan á sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti

Samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum ber endurskoðendum að ganga út frá því að áhættan sé ávallt fyrir hendi að stjórnendur kunni að sniðganga innra eftirlit. Við höfum því framkvæmt endurskoðunaraðgerðir sem viðbrögð við þeirri áhættu, þá helst aðgerðir sem snúa að dagbókarfærslum og launum.

## Forsendan um áframhaldandi rekstrarhæfi

Forsendan um áframhaldandi rekstrarhæfi er grunnforsenda reikningsskilanna. Félag er talið vera rekstrarhæft nema stjórnendur þess ætli sér að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess eða hafa ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Við mat á rekstrarhæfi skulu stjórnendur taka tillit til allra fyrirliggjandi upplýsinga um framtíðarhorfur í rekstri félags.

Í ljósi slæmrar fjárhagsstöðu Strætó er lögð sérstök áhersla á beitingu forsendunnar um rekstrarhæfi í ársreikningi Strætó 2022 og þá ekki síst að uppfylltar séu kröfur ársreikningalaga um skýringar í ársreikningi þegar vafi kann að leika á rekstrarhæfi.

Neikvætt sjóðstreymi til rekstrar undanfarinna ára hefur verið fjármagnað með viðbótarframlögum frá eigendum auk þess sem félagið hefur tekið ný lán frá viðskiptabanka félagsins. Nokkur vinna hefur átt sér stað á mati á fjárþarfar Strætó til lengri tíma í ljósi rekstrarvanda. Framlög eiganda á árinu 2023 ættu að tryggja félaginu viðunandi rekstrarfé út árið en fjármagna þarf þó sérstaklega uppgjör á skaðabótakröfum.

Við höfum yfirfarið rekstraráætlanir og aðgerðaráætlanir stjórnenda til næstu mánaða. Þá höfum yfirfarið þær skýringar og þá umfjöllun sem sett hefur verið fram í ársreikningi byggðasamlagsins. Við vísum til framangreindrar umfjöllunar í ársreikningi okkar án þess að gera fyrirvara við áritun okkar.



# Önnur mikilvæg atriði

## Ábendingar vegna innra eftirlits

Við höfum komið nokkrum ábendingum á framfæri er varðar frágang reikningsskila og innra eftirlit til stjórnenda.

Við endurskoðun okkar urðum við þess vör að aðgreiningu starfa hefur ekki alls staðar verið komið við á Fjármálasviði. Til staðar eru þó verkferlar og verkaskipting sem lágmarkar áhættu vegna þessa.

## Upplýsingatæknimál

Sem hluti af endurskoðun okkar höfum við yfirfarið upplýsingatækniumhverfi félagsins, sérstaklega gagnvart þeim upplýsingakerfum sem mikilvæg eru fyrir fjárhagsupplýsingagerð. Undafarin ár hefur innri endurskoðun gert ítarlegar úttektir á upplýsingatæknimálum félagsins. Framkvæmd var úttekt á rekstri upplýsingakerfa á árinu 2021 og úttekt var gerð á netöryggi árið 2019.

## Lögfræðimál og skaðabótakröfur

Við höfum óskað eftir upplýsingum frá stjórnendum um yfirvofandi dómsmál, ágreiningu eða skaðabótakröfur. Þá höfum við óskað eftir sömu upplýsingum frá ytri lögfræðingum sem starfa fyrir félagið. Nokkur ágreiningsmál eru fyrir hendi sem vert er að gera grein fyrir.

Strató bs var dæmt til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 205,5 m.kr. auk dráttarvaxta vegna dómsmáls sem Teitur Jónasson ehf. höfðaði gegn félaginu. Strató hefur ákveðið að áfrýja málinu til Landsréttar. Uppreiknuð fjárhæð dráttarvaxta nemur 116 m.kr í árslok 2022.

Skv. reikningsskilareglum ber félaginu að færa óvissar skuldbindingar miðað við bestu upplýsingar sem það hefur og líklegustu niðurstöðu. Af þessum sökum hefur varúðarfærsla vegna þessa máls verið hækkuð úr 75 m.kr. í 322 m.kr eða sem nemur skaðabótum skv. niðurstöðu Héraðsdóms auk dráttarvaxta.

Aðrar fjárkröfur liggja fyrir sem gætu haft fjárhagsleg áhrif á Strató, tvær stefnur til greiðslu skaðabóta vegna framkvæmdar á samningum um tilfallandi akstur í akstursþjónustu fatlaðra og ein stefna vegna frá fyrrum starfsmanni vegna ólögsmætar uppsagnar. Engin skuldbinding hefur verið færð vegna þessara mála

Fyrir liggur krafa frá Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkur vegna snemmtöku lífeyris nokkurra fyrri starfsmanna. Krafan nemur 36 m.kr. en ekki er komin niðurstaða málið, hvorki að því er varðar grundvöll greiðsluskyldu né heldur endanlega fjárhæð. Ekkert hefur verið fært í reikningsskil félagsins vegna þessa máls.



© 2023 Grant Thornton International Ltd. All rights reserved.

Grant Thornton® refers to the brand under which the Grant Thornton member firms provide assurance, tax and advisory services to their clients and/or refers to one or more member firms, as the context requires.

Grant Thornton endurskoðun ehf. is a member firm of Grant Thornton International Ltd (GTIL). GTIL and the member firms are not a worldwide partnership. GTIL and each member firm is a separate legal entity. Services are delivered by the member firms.

GTIL does not provide services to clients. GTIL and its member firms are not agents of, and do not obligate, one another and are not liable for one another's acts or omissions.

[www.grantthornton.global](http://www.grantthornton.global)